

212. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 1. febrúar 2012, kl. 14:00 á Austurvegi 56.

Mætt: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnsteinn Ómarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Guðmundur I. Gunnlaugsson boðaði forföll.

Inn á fundinn komu: Kl. 14:30 Óskar Sigurðsson lögmaður SOS , kl 15:00 Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu og Ingi B. Poulsen lögmaður Sorpu, þeir fóru af fundi kl 15:30.

1. Samstarf Sorpu og Sorpstöðvar Suðurlands.

Formenn, varaformenn og framkvæmdastjórar Sorpu og SOS hittust 13. janúar og fóru yfir mögulegt samstarf eða sameiningu Sorpu og SOS. Fram kom vilji til að halda viðræðum áfram og var framkvæmdstjórum falið að vinna að málinu.

2. Samstarf Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og Sorpstöðvar Suðurlands.

Lagður var fram tölvupóstur frá sveitarstjóra Rangárþings ytra þess efnis að sveitarstjórn hafi fjallað um drög að matsáætlun vegna fyrirkomulags og meðhöndlunar sorps að Strönd. Íbúar í nágrenni Strandar hafa mótmælt stækkun harðlega. Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur ákveðið að fallast ekki á aukna urðun óflokkaðs úrgangs á svæðinu. SOS óskar eftir fundi með SOR um framhald verkefnisins.

3. Viðbótarsamningur Sorpu og Sorpstöðvar Suðurlands.

Óskar Sigurðsson kom inn á fundinn kl 14:30. Aldís spurðist fyrir um hugsanlegt vanhæfi þar sem hún er aðili að fyrirspurnum um viðbótarsamninginn. Þar sem umboðin eru fallin úr gildi er ekki um vanhæfi að ræða. Björn Halldórsson og Ingi Poulsen komu inn á fundinn kl 15:00. Formanni og varaformanni falið að boða fulltrúa Flóahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Hveragerðisbæjar á fund þar sem athugasemdir við viðbótarsamning verða ræddar. Óskari falið að svara Íslenska gámafélaginu í samræmi við umræður á fundinum. Björn, Ingi og Óskar fóru af fundi kl 15:30.

4. Magntölur 2011.

Framkvæmdastjóri upplýsti að heildarmagn úrgangs sem féll til á Suðurlandi og var tekið til endurvinnslu eða förgunar hjá Sorpu stóð nánast í stað á milli árana 2010 og 2011. Heildarmagn úrgangs árið 2011 sem fór í gegnum samning SOS og Sorpu var um 6.800 tonn, sem er gríðarleg minnkun samanborið við árin fyrir lokun Kirkjuferjuhjáleigu.

- 5. Fundargerðir samráðsnefndar sveitarfélaganna frá 11. október 2011.**
Fundargerð lögð fram.
- 6. Fundargerð verkefnisstjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. október og 2. desember 2011.**
Fundargerðir lagðar fram.
- 7. Bréf frá UST, dagsett 3. janúar og tvö bréf dagsett 15. desember 2011.**
Bréf lögð fram til kynningar.
- 8. Kirkjuferjuháleiga og aðalskipulag Ölfus.**
Bréf Sveitarfélagsins Ölfuss frá 9. nóvember.
Svarbréf Ölfuss lagt fram, en þar er meðal annars kynnt að auglýsing á aðalskipulagi muni verða boðuð fljótlega.
- 9. Önnur mál.**
 - a. Flutningsjöfnun.
Úrvinnslusjóður er að taka saman flutningsjöfnun fyrir 2010 og 2011.
 - b. Sláturúrgangur.
Nú verður að fylgja öllum sláturúrgangs og hrægámum eyðublað með staðfestingu eiganda og flytjanda.
 - c. Bréf frá Árborg 18. nóvember.
SOS falið að fara fyrir samskiptin við Umhverfissráðuneytið vegna endurskoðunar landsáætlunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:00